

Félagsheimilið Blönduósi

FUNDUR – 17. mars 2003

Stjórnarfundur haldinn 17. mars 2003.

Dagskrá:

1. Félagsmiðstöðin Skjólíð.
2. Erindi eldri borgara.
3. Kaup á hljóðkerfi.
4. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Jóhanna setti fund og nefndarmenn fóru og skoðuðu félagsmiðstöðina Skjólíð ásamt Þorgerði Hlynsdóttur umsjónarmanni þess. Hún benti á ýmislegt sem þyrfti að laga og endurnýja s.s. málningu, gólfefni, borð og stóla. Einnig þarf lyftu fyrir fatlaða. Ákveðið var að gera þyrfti úrbætur sem fyrst, og láta gera kostnaðaráætlun.
2. Félag eldri borgara er með líkamsrækt í félagsheimilinu einn kl. á viku og fer fram á að vera í húsinu endurgjaldslaust. Stjórnin samþykkir þessa beiðni, en endurskoðar það fyrir næsta vetur.
3. Albert skýrði frá því að bíótjaldið sem pantað var gæti verið komið í lok þessa mánaðar. Harmonikuklúbburinn ásamt þeim listamönnum sem fram komu á bollukaffi þann 2. mars gáfu 100.400,- upp í kaup á hljóðkerfi. Bíótjald og hljóðkerfi verður síðan sett upp saman.
4. Önnur mál.

Jóhanna sagði frá því samkvæmt upplýsingum frá Stefáni Hafsteinssyni að sýningartjald sem notast má við með skjávarpa kosti ca. 20.000,- og er ákveðið að kaupa það, svo húsið sé betur í stakk búið til fundarhalda.

Nú er búið að ganga frá því að brunavarnarkerfið verði klárað þ.e. uppsetning á því. Alberti er falið að ganga í málið.

Fleira ekki rætt og fundi slitið.

Jóhanna G. Jónasdóttir
Albert Stefánsson
Auðunn Sigurðsson

Kristín Guðjónsdóttir
Valdimar Guðmannsson
Stefán Hafsteinsson